

L Ö G

82

7. maí

um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

3. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til váttryggingar allt að 250 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.), en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en skip, sem er yfir 150 smál. brúttó að stærð, er tekið í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við samábyrgðina.

2. gr.

a. 3. málsgr. 31. gr. laganna orðist svo:

Váttryggingarfélag hefir lögveð í skipi fyrir skoðunarkostnaði og eins árs váttryggingariðgjaldi.

b. Aftan við sömu lagagr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú leikur vafi á, hvaða váttryggingarfélagi ber að váttryggja skip, og sker þá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum úr þeim ágreiningi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

83

7. maí

um friðun arnar og vals.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Ernir og valir skulu alfriðaðir á Íslandi til ársloka 1950, svo og egg þeirra.

2. gr.

Nú verpir örn eða valur í nánd við friðlýst varpland, eða eyða mjög æðarvarpi, og er þá ráðherra heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., að láta gera nauðsynlegar ráðstafanir til að verjast tjóni af völdum þeirra.